



Jafnréttisáætlun leikskólans Vesturkots

2014 - 2016



Leikskólinn Vesturkot byggir jafnréttisáætlunina á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og á jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar 2012 - 2014. Í leikskólanum Vesturkoti er lögð mikil áhersla á að jafnrétti sé að fullu gætt í leikskólastarfinu. Á það við um jafnrétti kynjanna, þjóðerni, fötlun, menningu, kynhneigð, trú- og lífsskoðun, heilsufar og fleiri þætti. Skólinn hefur einnig það hlutverk að fræða börn og ungmenni um jafnrétti og stuðla að því að uppræta mismunun í samfélaginu. Jafnréttisáætlun Vesturkots beinist að börnum, starfsmönnum og foreldrum.

Nemendur

Öll börn búa yfir styrkleikum sem eru misjafnir hjá hverju og einu. Starfsfólk skal leitast eftir að finna þessa styrkleika svo börnin geti notið þeirra. Hlúa þarf að öllum þroskaþáttum svo börnin fái tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni sem undirbúa þau til að takast á við það sem mætir þeim í daglegu lífi. Starfsmenn skulu vera meðvitaðir um að gefa öllum börnum sömu tækifæri í leik og koma fram við þau af virðingu, burtséð frá bakgrunni þeirra.

Starfsmenn

Leitast skal við að nýta mannauð hvers og eins starfsmanns sem allra best. Allir starfsmenn hafa jafnan rétt á endurmenntun í starfi og stuðlað er að jöfnu vinnuframlagi í samræmi við starfslýsingar. Gæta skal jafnræðis þegar auglýstar eru lausar stöður við leikskólann og leitað er eftir umsækjendum af báðum kynjum. Í veikindum starfsmannabarna eru báðir foreldrar hvattir til að nýta rétt sinn á jafnan hátt. Allir fá rétt til að þroskast í starfi og auka þekkingu sína burtséð frá kyni. Þess er gætt að starfsmenn fái sömu laun fyrir sambærilega frammistöðu í sömu störfum. Eftir veikindi, fæðingarorlof



Jafnréttisáætlun Vesturkots 2014 - 2016

Leikskólinn Vesturkot
Lífsgleði-Leikni-Leikur
Miklaholt 1, 220 Hafnarfjörður
S: 565-0220
vesturkot@hafnarfjordur.is
www.leikskolinn.is/vesturkot

eða annað orlof er starfsmönnum gert auðvelt fyrir að koma aftur til starfa. Þá er starfsmönnum gert kleift að samræma atvinnu og fjölskyldulíf. Kynferðisleg áreitni og einelti er ekki liðið í leikskólanum.

Foreldrar

Komið er fram við alla foreldra af virðingu burtséð frá bakgrunni þeirra. Starfsmenn eru bundnir trúnaði um málefni fjölskyldna þeirra og gildir það einnig eftir að leikskóladvöl barnanna lýkur. Hringt er jafnt í báða foreldra ef hafa þarf samband vegna barnanna.

Einkunnarorð leikskólans

Einkunnarorð leikskólans *Lífsgleði – Leikni – Leikur* eru höfð að leiðarljósi í öllum skólastarfinu í Vesturkoti og eiga því einnig við þegar stuðlað er að jafnrétti.

- | | |
|-----------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| LÍFSGLEÐI | Öllum á að líða vel í Vesturkoti, burtséð frá útliti, getu, uppruna, kyni og aldri |
| LEIKNI | Allir fá tækifæri til að þjálfa færni sína í samskiptum við aðra og eru hvattir til að verða meðvitaðir um eigin líðan og annarra. |
| LEIKUR | Allir eiga rétt á því að eiga góðar stundir í leik og starfi með öðrum, allir eru með í hópnum og enginn er skilinn útundan. |

Ábyrgðaraðili

Leikskólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætluninni og sér um að jafnréttisnefnd sé starfandi innan skólans.

Kynning á jafnréttisáætlun Vesturkots

Jafnréttisáætlunin skal vera sýnileg og aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Starfsmenn og foreldrar eru reglulega minntir á að kynna sér áætlunina. Á heimasíðunni eru aðrar áætlanir að finna sem unnar hafa verið af starfsmönnum Vesturkots. Má þar nefna eineltisáætlun, ferli vegna gruns um líkamlegt ofbeldi á börnum og ferli vegna tilkynninga til barnaverndar.



Jafnréttisáætlun Vesturkots 2014 - 2016

Leikskólinn Vesturkot
Lífsgleði - Leikni - Leikur
Miklaholt 1, 220 Hafnarfjörður
S: 565-0220
vesturkot@hafnarfjordur.is
www.leikskolinn.is/vesturkot

Jafnréttisnefnd Vesturkots

Í jafnréttisnefnd skólans sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og fulltrúi annarra starfsmanna. Hlutverk nefndarinnar er að:

- fylgja eftir að unnið sé samkvæmt jafnréttisáætlun skólans
- sjá til þess að aðgerðaáætlun sé fylgt eftir
- endurskoða árlega jafnréttisáætlun skólans og gera viðeigandi breytingar ef þörf er á
- fylgjast með hvort breytingar verða á lögum og reglugerðum er varða jafnréttismál
- útfæra hvernig hægt sé að vinna með jafnréttisfræðslu fyrir nemendur
- vinna með tölulegar upplýsingar er varða stöðu jafnréttis í leikskólanum

Aðgerðaáætlun

Jafnréttisnefnd gerir aðgerðaáætlun þar sem fram kemur hvernig jafnréttisáætlun er fylgt eftir.

Tímabil	Hvað er gert
Ágúst - September	<ul style="list-style-type: none">• Fulltrúi starfsmanna í nefndina er kosinn.• Farið er yfir framkvæmd áætlunarinnar árið á undan.• Unnið er út frá endurmati frá fyrra ári og breytingar gerðar í samræmi við það.• Nefndin fer yfir jafnréttislög, sérstaklega 19. – 22. grein laganna
Október	<ul style="list-style-type: none">• Nefndin kemur með tillögur að því hvernig hægt sé að vinna með jafnrétti í kennslu með börnum.
Nóvember	<ul style="list-style-type: none">• Jafnréttisáætlun er kynnt fyrir starfsmönnum. Ef breytingar eru á áætlun eru þær lagðar fyrir aðra starfsmenn til samþykktar.• Hugmyndir að jafnréttiskennslu með börnum eru lagðar fram og aðrir starfsmenn hvattir til að koma sínum hugmyndum á framfæri.
Janúar - Apríl	<ul style="list-style-type: none">• Nefndin hittist einu sinni í mánuði og tekur fyrir þau mál sem upp koma hverju sinni.• Nefndin fer yfir jafnréttislög, sérstaklega 19. – 22. grein laganna
Maí – Júní	<ul style="list-style-type: none">• Endurmat á jafnréttisáætlun. Starfsmenn taka virkan þátt í matinu.• Niðurstöður endur mats eru teknar saman af jafnréttisnefnd.• Aðgerðaáætlun er útbúin fyrir næsta skólaár.

Aðgerðaáætlun til að framfylgja 19. – 22. grein jafnréttislaga þar sem fjallað er um hvernig starfsmönnum og börnum eru tryggð jöfn réttindi:

Jafnréttislög	Aðgerð	Ábyrgðaraðili
Í 19. grein er fjallað um að greiða eigi sömu laun fyrir sömu störf eða jafnverðmæt störf burtséð frá kyni.	Laun starfsmanna taka mið af þeim kjarasamningi sem þeir starfa eftir. Laun miða við menntun, starfslýsingu, aldur, vinnutíma og starfsreynslu. Farið er yfir hvern starfsmann í launaáætlanagerð. Gætt er jafnræðis í skiptingur yfirvinnutíma milli starfsmanna.	Leikskólastjóri, rekstrarstjóri, launafulltrúi. Starfsmenn eru hvattir til að fara sjálfir yfir launaseðla sína.
Í 20. gr. laganna er fjallað um jöfn tækifæri karla og kvenna í starfi. Gæta þarf að jöfnum	Í atvinnuauklýsingum er minnst á að unnið er eftir jafnréttisáætlun leikskólans og jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar. Tekið er fram að konur jafnt sem	Leikskólastjóri og fulltrúar skólaskrifstofu sem sjá um auklýsingar



Jafnréttisáætlun Vesturkots 2014 - 2016

Leikskólinn Vesturkot
Lífsgleði-Leikni-Leikur
Miklaholt 1, 220 Hafnarfjörður
S: 565-0220
vesturkot@hafnarfjordur.is
www.leikskolinn.is/vesturkot

möguleikum allra til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar.	karlar eru hvött til að sækja um laus störf.	á störfum
Í 20. grein greinir frá jöfnum möguleikum allra til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar.	Í símenntunaráætlun er hugað að því að allir starfsmenn geti sótt námskeið sem nýtast þeim í starfi. Boðið er upp á fjölbreytta fræðslu á Skólaskrifstofunni auk þess sem starfsmenn geta sótt sér fræðslu víða annars staðar, t.d. Endurmenntun Háskóla Íslands, námsflokkingum og víðar. Á skipulagsdögum og á starfsmannafundum er boðið upp á fjölbreytta fræðslu sem nýtist öllum starfsmönnum.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Í 21. gr. laganna er rætt um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.	Leitast er við að hafa jafnvægi milli vinnu og einkalífs þannig að starfsmönnum gefist kostur á að samræma þessa þætti. Komið er á mótis við óskir starfsmanna um vinnutíma eins og mögulegt er. Starfsmenn eru hvattir til að deila veikindadögum vegna barna með maka sínum. Unnið er eftir fjarvistastefnu og tekið er vel á móti starfsmönnum eftir langtímaveikindi.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
22. gr. fjallar um kynbundna og kynferðislega áreitni.	Gerðar eru sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk og börn verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í leikskólanum. Slík hegðun er með öllu óheimil.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri